## Auglýsingadagbók

**Mikil** verðlækkun á vöggum, áður 32 kr., nú 26 kr. Körfugerðin, Bankastræti 10.

**MATUR OG DRYKKUR.**
*Fast fæði, einstakar máltíðir, kaffi, öl, gosdrykkir með lægsta verði í Café Svanurinn. (Hornið við Barónsstíg og Grettisgötu.*

**Allir, sem vilja eignast góðar sögubækur fyrir lítinn pening, nota tækifærið og kaupa á bókaútsölunni í Bóksalanum, Laugaveg 10, eða bókabúðinni, Laugaveg 68.**

**Konfektkassar,** sælgæti ýmiss konar og tóbaksvörur í miklu úrvali í Tóbakshúsinu, Austurstræti 17.

**Úrval af rammalistum.** Innrömmun ódýrust í Brattagötu 5, sími 3199.

**Reiðhjól** tekin til geymslu. — „Örninn", sími 4161, Laugaveg 8 og Laugaveg 20.

**Saumastofa** Valgeirs Kristjánssonar er flutt í Austurstræti 12 — (Hús Stefáns Gunnarssonar) — Sími 2158.

**Fótaaðgerðir. Laga niðurgrónar neglur, tek burt líkþorn og harða húð. Gef hand- og rafurmagnsnudd við þreyttum fótum o. fl.** Sími 3016. Pósthússtr. 17 (norðurdyr). Viðtalstími kl. 10—12 og 2—4 og eftir samkomulagi. Sigurbjörg Magnúsdóttir.

**Athugið!** Þið sem hafið pantað hárfljettur og hárkollur, gerið svo vel og vitjið þeirra sem fyrst. G. Norðfjörð, Austurstræti 17.

**Dömu- og barnaklippingar.** Þeir, sem óska að fá sig klipta fyrir jól eru vinsamlegast beðnir um að koma í síðasta lagi á fimtudag. Hefi opið á fimtudag og föstudag til kl. 12 á miðnætti. G. Norðfjörð, Austurstræti 17. (Gengið inn frá Kolasundi). Sími 2669.

**Skíðasleðar,** íslensk smíði, til sölu í „Sindra" á Hverfisgötu 42.

Jeg gleymi því aldrei, er
svanirnir sungu
sveiflandi fannhvítu vængjunum ljett.

**Ljóðmæli Höllu.**
**Ágæt jólagjöf.**

# Radiógrammofónn

alveg nýr, besta tegund, til sölu með tækifærisverði.

**Hljóðfæraverslun**
**Helga Hallgrímssonar.**

## Eknasjóður Reykjavíkur

heldur fund í K. F. U. M. húsinu fimtudaginn 22. þ. m. kl. 8 síðd.

**Stjórnin.**

# Nytsöm jólagjöf!

**Ensk-íslensk orðabók.**

kom út nú í sumar, í 3. útgáfu. Geir T. Zoëga, rektor, hafði lokið við að endurskoða hana og búa undir prentun skömmu áður en hann dó 1928. Þessi 3. útgáfa er mikið aukin, bæði að orðaforða, nýjum þýðingum og einkum skýringardæmum, setningum og talsháttum, enda er hún mun stærri en 2. útgáfa, eða rúml. 44 arkir, en 2. útgáfa var 35 arkir.

Verð bókarinnar í vönduðu shirtingsbandi er **kr. 18.00** og er það mjög ódýrt sje tillit tekið til eldri útgáfu bókar þessarar. Nokkur eintök hafa verið bundin í skinn og kosta þau **kr. 23.00** eintakið.

Bókin fæst hjá bóksölum og í

## Bókaverslun Sigurðar Kristjánssonar,

**Bankastræti 3. — Reykjavík.**

## Jólaserviettur,

borðrenningar,
**Kreppappír, pappadiskar.**
Feikna úrval.

## PENNINN.

**Pappírs- og ritfangaverslun.**
**Ingólfshvoli.**

# Lars Blom

**sprenghlægileg saga eftir Aug. Blanche, kemur út í dag. — Saga sem enginn getur lesið án þess að hlægja sig máttlausan.**

**Sölubörn komi í dag í bókabúðina a Laugavegi 68. Há sölulaun og verðlaun: 10 kr.. Þar að auki fá þeir krakkar, sem selja minst 20 bækur, eitt yo-yo gefins!**

# Karlmannaföt

**seljum við alla þessa viku með niðursettu jólaverði.**

**Brauns-Verslun**

## Skóvinnustofa Þorvaldar Helgasonar,

Vesturgötu 51 B

Býr til þrælsterka vatnsleðurskó með leðurbindsólum og gúmmídekksbotnum, fyrir fullorðna og unglinga.


**Ekknasjóður Reykjavíkur** heldur fund næstkomandi fimtudagskvöld kl. 8 í K.F.U.M. húsinu.

**Morgunblaðið** er 8 síður í dag. Í aukablaðinu birtist í heilu lagi dómur Hæstarjettar í máli Magnúsar Guðmundssonar.

**Næturlæknir** er í nótt Jón Norland, sími 2132.

**Dánarfregn.** Þann 16. desember andaðist Ólafur Eggertsson, Króks fjarðarnesi, 82 ára að aldri. Hann var um langt skeið hreppstjóri og búhöldur hinn mesti.

**Ísfisksala.** Þessir togarar hafa nýlega selt: Max Pemberton í Wesermünde 3300 körfur fyrir 5200 mörk. Geysir í Grimby 1500 körfur fyrir 490 sterlingspund. Tryggvi gamli 1550 körfur í Grimsby fyrir 650 sterlpd. Haukanes í Þýskalandi fyrir nál. 6000 mörk.

**Alþýðufræðsla safnaðanna.** Sæmundur Ólafsson stud. jur. flytur erindi í franska spítalanum kl. 8½ í kvöld. Allir velkomnir.

**Dánarfregn.** Í gær andaðist hjer í Landakotsspítalanum Kristinn Ó. Jóhannesson (konsúls á Patreksfirði).

**Umsóknarfrestur** um borgarstjórastöðuna er útrunninn í dag.

**Maður hverfur.** Í gær tilkynti Davíð Þorláksson á Óðinsgötu 4, til lögreglunnar, að bróðir hans, Jón hafi farið að heiman frá honum seinni part dags þann 9. desember síðastliðinn, og hafi ekki spurst til hans síðan, nema hvað hann seinna þann sama dag hafi komið til Friðgeirs Sigurðssonar á kaffihúsinu Höfn. Hafi hann þar beðið fyrir pjönkur nokkrar til geymslu, vegna þess að hann kvaðst ætla að leggjast á spítala. Jón hafði verið höfuðveikur og þunglyndur um skeið. Hafði höfuðveikin ágerst undanfarna mánuði.

**Úr minningarsjóði** Hákonar kaupmanns Bjarnasonar og frú Jóhönnu Kr. Þorleifsdóttur, var tveimur nemendur Verslunarskólans veittur námsstyrkur 16. þ. m.

**Pappírs- og ritfangaverslun** hefir Baldvin Pálsson opnað í Ingólfshvoli.

**Fádæma tungumálaþjarkur.** Dr. Karl Braunias ber ekki doktorstitilinn að ástæðulausu. Hann hefir, í bókinni um kosningarjett (sbr. sunnudagsblaðið)) þýtt sjálfur lagaákvæði 22 landa, um kosningarjett, og einnig Íslands. Ritgerðin um kosningarjett á Íslandi er samin af dr. K. B. sjálfum, en ekki J. Schopka konsúl, eins og prófessor Guðmundur Hannesson hafði skilið af viðtali við Schopka. Júlíus Schopka fekk ritgerð dr. K. B. til yfirlits og leiðrjettingar, en sjálfur hafði dr. Braunias samið ritgerðina. Þetta er leiðrjett samkvæmt beiðni G. H.

**Litvinoff,** rússneski utanríkisráðherrann, kom til Berlínar í dag, á leiðinni frá Genf til Moskva og heimsótti Hindenburg, og von Neurath utanríkismálaráðherra 19. desember. (F.Ú.)

**Wiegand** prófessor og eðlisfræðingur andaðist í Hamborg í morgun, 51 árs að aldri. Hann er aðallega kunnur fyrir veðurfræðirannsóknir sínar, og þá sjer í lagi rannsóknir á þokumyndun. 19. des. (F. Ú.)

**Norska sendinefndin** sem verið hefir í Bretlandi til þess að semja um viðskifti þjóðanna kom heim til Ósló í dag, og gaf formaður nefndarinnar utanríkismálaráðherranum skýrslu um árangur samningatilraunanna til þessa. 19. des. (F. Ú.)

**Útvarpið í dag:** 10,00 Veðurfregnir. 12.15 Hádegisútvarp. 16,00 Veðurfregnir. 19,05 Erindi: Útvarpslampar. (Gunnl. Briem verkfr.) 19,30 Veðurfregnir. 19,40 Tilkynningar. Tónleikar. 20,00 Klukkusláttur. Frjettir. 20,30 Ræður. (Útvarpsstjóri og útvarpsráð.) Tónleikar.


# Heiðruðu húsmæður.

**Þegar þjer kaupið vörur í jólabaksturinn — þá munið að taka fram að**

# Sultutauið sje frá Frón.

**Það er framleitt úr ómenguðum ávöxtum.**

**Kaupið eitt glas í dag, og reynslan mun kenna yður að nota ekki annað.**

## Fæst í næstu búð.

# CAFÉ „VIFILL"

**Austurstræti 10.**

Tökum að okkur matarveislur og kaffisamsæti (alt að 100 manns). — **Húsnæði ókeypis.**

Fjelög og aðrir sem hafa hugsað sjer samkvæmi núna í vetur, ættu að tala við okkur sem fyrst.

**Sími: 3275.**

# Lampaborð

er sjerlega hentug jólagjöf, að eins nokkur stykki eftir. Einnig má nefna hina afar þægilegu **hægindastóla,**
**Skrifborð — Skrifborðsstóla — Smáborð —**
**Súlur og Dúkkuvagna**
og margt fleira afar hentugt til jólagjafa.

Verslið þar sem þjer fáið mest fyrir peningana og varan er best, — en það er í

## Húsgagnaverslun Kristjáns Siggeirssonar

Laugavegi 13.

## Gólfmottur og Gangadreglar

stórt og fjölbreytt úrval.

## „GEYSIR".

# Jólagjafir.

Ýmsir fallegir munir, sem óseldir voru þegar verslunin hætti, verða seldir með mjög miklum afslætti á vinnustofu minni í Austurstræti 14. — Þar að auki **úr, klukkur,** og íslensk smíði, svo sem nálar, millur, serviettuhringar o. fl.

**Trúlofunarhringar,** afar fallegir. Nöfnin í þá prýðilega grafin.

## Halldór Sigurðsson.